

Gjaldskrá

84
25. nóv.

fyrir

notkun rafmagns í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum, búðum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sjerstaklega tiltekin í gjaldskránni, skal vera yfir tímabilið frá 1. jan. til 14. maí:

Fyrir 1 ljós 16 kerta		kr.	3.50
— 2 — — —		—	6.50
— 3 — — —		—	9.50
— 4 — — —		—	12.50
— 5 — — —		—	15.00

Síðan kr. 2.50 fyrir hvert ljós 16 kerta þar yfir upp í 20 ljós, en 2 kr. fyrir hvert ljós 16 kerta þar yfir.

Þegar ljósmagn það, sem hvert hús vill fá, er talið saman í 16 kerta ljós, skal $\frac{1}{4}$ ljóss slept, en $\frac{3}{4}$ ljóss reiknað sem heilt; $\frac{1}{2}$ ljós reiknað sem hálf.

Verð á rafmagni til ljósa á götum, bryggjum og söltunarplássum kaupstaðarins, skal vera hið sama eftir ljósmagni eins og að ofan er ákveðið. Tímabilið frá 1. ágúst til 31. desember er ljósgjaldið 50% hærra.

2. gr.

Rafmagn fyrir strokjárn kostar hlutfallslega sama og fyrir rafljós, þannig að greitt er jafnt fyrir hvert vatt, sem strokjárnið er merkt fyrir og fyrir hvert kerti í rafljósum samkvæmt gjaldskránni. Rafveitunefnd getur með samþykki bæjarstjórnar veitt undanþágu frá þessu, þegar vatn er meira en nauðsynlegt til ljósa.

3. gr.

Heimilt er mönnum á eigin kostnað, að setja upp hemil, ef það er gert af manni, sem rafveitunefndin telur til þess hæfan, og gjalda notendur þá aðeins fyrir þann straum, sem fer gegnum hemilinn. Þó má enginn hemill vera settur fyrir stærri straum en þann, sem straumnotandi hefir leyfi til að nota til ljósa.

4. gr.

Verð á rafmagni til suðu eða hitunar, eða til vjela-reksturs ákveður rafveitunefnd með samþykki bæjarstjórnar, verði á annað borð nokkuð rafmagn selt til slíkrar notkunar.

84

25. nóv.

5. gr.

Þegar vatnsskortur er svo mikill, að vatn nægir ekki til ljósa í bænum, er rafljósanotendum skylt að spara ljósin hver hjá sjer, eins og þeim er frekast unt. Þegar svo stendur á er rafveitunefnd heimilt að láta slökkva ljós á bryggjum og pöllum, þegar ekki er verið að vinna þar. Sömu leiðis í sölubúðum eftir lokunartíma.

6. gr.

Þar sem rafstraumur til strokjárns, hvort heldur gegnum hemil eða án hans, yrði heimilaður, er rafnotanda aðeins heimilt að nota strauminn fyrir sjálfan sig og sitt eigið heimili, en ekki fyrir aðra.

Sama gildir og um rafstraum til suðu og hitunar.

7. gr.

Heimilt er rafveitunefnd með samþykki bæjarstjórnar að hækka og lækka rafljósagjaldið um allt að 20% fyrir hálf tveim árum í einu.

8. gr.

Nú eyðilegst hemill, svo að hann hemur eigi straum svo sem vera ber, og er þá hlutaðeigandi rafnotanda skylt að tilkynna slíkt strax rafstöðvarstjóra.

9. gr.

Árið reiknast frá nýári til nýárs og ljósgjaldið greiðist í tvennu lagi. Fyrri helmingur gjaldsins greiðist fyrir 1. mars, en síðari helmingurinn fyrir 1. október ár hvert. Taka má gjaldið lögtaki.

Húseigandi ber ábyrgð á því, að gjaldið sje greitt í tæka tíð.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, og birt til eftirbreytni, þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. nóvember 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.